



FRÆKORNID

FRÆDSLURIT SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

Fjölgun blæspar með græðlingum

Inngangur


Blæösp er erfitt að fjölga með hefðbundnum aðferðum. Hægt er að rækta hana af fræi, en hér á landi hefur fræmyndun varla verið nein og því ekkert innlent fræ verið fánlegt. Blæösp er ekki hægt að fjölga með vetrargræðlingum, ólíkt til dæmis alaskaösp. Algengt var að fjölga henni frá rótarskotum, stungnum upp úr aspargræðum sem síðan voru framræktuð í gróðrarstöð eða plantað beint út. Einnig hefur henni verið fjölgað með vefjarækt og af sumargræðlingum, en það kallar hvorutveggja á sérhæfða aðstöðu og þekkingu.

Hins vegar er til aðgengileg aðferð fyrir almenning að fjölga blæösp. Það er með svokölluðum rótargræðlingum og er í þessu Frækorni gerð grein fyrir þeirri aðferð.

Söfnun rótarbúta


Rótarbútum er safnað um leið og efsta lag jarðvegsins er þítt á vori, helst áður en trén eru byrjuð að laufgast. Hér á landi er þetta mjög háð tíðarfari, en að jafnaði á tímabilinu maí - júní. Rætur trjáanna má finna út frá rótarskotum eða með því að rekja stefnu þeirra frá rótarhálsinum. Rótarbútar, sem eru á milli 1-3 cm í þvermál og af meðfærulegri lengd eru losaðir varlega upp úr jörðinni og þess gætt að börkurinn skaddist ekki, en hann er afar viðkvæmur fyrir hvers konar hnjaski.

Hliðarrætur er sneiddar af og rótarbúturnir lagðir í mold eða settir í plastpoka og geymdir í kæli til síðari tíma.



Meðhöndlun rótanna

Moldin er hreinsuð af rótarbútunum og þeir þvegnir og skoðaðir. Fúi og skemmdir eru skornar frá og rötin síðan bútuð niður í heppilega langa stiklinga. Lengd röturstiklinganna má miða við stærð ílátanna, en algengt er að nota bakka sem eru um 30x60 cm á lengd og 6 cm að dýpt. Ágætt er að sótthreinsa rótarbútana með því að lauga þá í sótthreinsiefni.




Ræktun sprotanna

Röturstiklingarnir eru lagðir láréttir í bakka sem eru fylltir mold (50:50 blanda af mómold og vikri) og þeir þaktir með 3-4 cm þykku moldarlagi. Bakkana þarf að vökva til að moldin haldist hæfilega rök. Þar sem lofthiti þarf að vera á milli 15-25°C yfir ræktunartímann og má ekki fara niður fyrir 10°C, er best að hafa bakkana í gróðurhúsi eða undir gleri. Til að halda hæfilegu rakastigi er gott að þekja bakkana með plasti eða akríldúk og skyggja frá sterku sólskini. Vökvað er eftir þörfum.




Eftir 3-4 vikur fara síðan að vaxa græðlingar, einskonar rötarskot upp af röturstiklingunum. Tíminn þangað til þeir birtast og fjöldi þeirra á bútunum er arfgengur og breytilegur milli klóna. Samkvæmt skoskum tilraunum er meðalfjöldi þeirra um 20 á metra.



Rætingin

Græðlingarnir eru klipptir af rótarstiklingunum þegar þeir eru orðnir 4-10 cm háir. Þá eru þeir skornir frá rótunum með beittum klippum eða hníf, rétt undir yfirborði moldarinnar. Fleiri græðlingar geta vaxið upp frá rótarbúتونum ef þetta er gert. Þeim er síðan stungið niður að 3/4 hlutum í rætingarbed eða potta, sem innihalda mómold/vikur-blöndu (1:1 eða 1:2) eða hreinan vikur. Laufin eru klippt af neðsta hluta græðlingsins (sem fer ofan í moldina) áður en honum er stungið. Besti árangur næst ef hægt er að stinga græðlingunum undir þokuúðun. Ef það er ekki hægt má láta bakkann (eða pottinn) í plastpoka og vökva varlega á meðan sprotarnir eru að ræta sig. Þannig helst loftrakin há á þess að moldin verði vatnsósa.




Pottun

Rætur fara að myndast á græðlingunum eftir um það bil viku, en þurfa þó yfirleitt 2-3 vikur til að verða nægilega öflugar. Rótarmyndunin er hraður og hægt að potta plöntunum 3-4 vikum eftir að rötarmyndunin hefst.

Þegar komið er á þetta stig eru liðnar 4-8 vikur frá upphafi ræktunar eða júlímánuður. Með áburðargjöf og vökvun er hægt að ala upp vel hertar plöntur fyrir haustið, sem þola útigeymslu yfir veturinn á skjólgóðum stað. Slíkar plöntur eru tilbúnar til gróðursetningar vorið eftir eða til áframræktunar í græðireit.

Ef stefnt er að ræktun skógarplantna, er upplagt að stinga græðlingunum beint í fjölpotta (35-gata bakka) og láta þá ræta sig í bökkunum. Um leið og græðlingarnir eru komnir með rætur í bökkunum er þeim gefinn áburður og plönturnar hertar eins og venjulegar skógarplöntur.



ISSN 1605-5020



9 771605 502008



Vesturlandsskógar



SUÐURLANDSSKÓGAR

Höfundar: Þórarinn Benediktz og Jón Geir Pétursson. Teikningar: Aðalsteinn Sv. Sigfússon. Prentvinnsla: Víðey ehf. Heimild: Hollingworth, M.K. and Mason, W.L., 1991. Vegetative propagation of aspen. Forestry Commission Research Information Note 200. Forestry Commission, Farnham, Surrey. 3p.

Útgefandi: Skógræktarfélag Íslands, Ránargötu 18, 101 Reykjavík. www.skog.is